



Skýrsla Skógræktarfélags Selfoss um framkvæmdir í Hellisskógi árið 1987.

Helstu framkvæmdir Skógræktarfélags Selfoss í Hellisskógi á árinu 1987 voru þessar:

1) Vegalagning. Í febrúar lögðu starfsmenn bæjarins nýja vegi frá veiðistaðnum við Ölfusá sitthvoru megin við Grímskletta og aðeins vestur fyrir þá. Nýju vegirnir eru um 650 metrar að lengd. Þetta var undirstöðuframkvæmd til þess að opna efra svæðið til skógræktar. Kostnaður við þessa framkvæmd losaði kr. 250.000-, og fór allur styrkur bæjarins í þá framkvæmd eina. Var því sótt um aukafjárveitingu til plöntukaupa, kr. 120.000-, sem öll var tekin til greina.

2) Tæting. Gísli Geirsson í Byggðarhorni kom um vorið og tætti fyrir skjólbeltum og beði fyrir græðlinga.

3) Plöntun í skjólbelti. Dagana 19/5, 26/5, 30/5, 2/6 og 6/6 var plantað í skjólbelti 4.000 víðiplöntum (1.000 af S-1, 500 af S2A, 1.000 af S2B, 500 af S3 og 1.000 af brúnum alaskavíði). Var þeim plantað á allan vestur- og norðurkant efra svæðisins í tvöfalda röð og víðar um svæðið.

Auk þess var plantað 1.000 stafafurum (Skagway) í hlíðina innan við hliðið og meðfram veginum fyrir neðan gamla kálgarðinn. Einnig var plantað 1.000 sitkagreniplöntum vestan í klettana upp af gömlu fjárhúsunum.

Lengd skjólbelta sem plantað var í sumar eru 2,7 km.

4) Áburður. Borið var á hluta af eldri skjólbeltum og var vöxtur þeirra góður í sumar.

F. h. Skógræktarfélags Selfoss

Örn Óskarsson